

REGLUR

um ráðstöfun 1.400 milljóna króna aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2007.

1. gr.

Gildissvið.

Markmið þessara reglna er að úthluta sérstöku aukaframlagi til sveitarfélaga til að jafna aðstöðumun vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessum reglum ef heimild sveitarfélags til útsvars-álagningar fyrir tekjuárið 2007 er fullnýtt af sveitarstjórn. Við útreikning og úthlutun framlagsins er miðað við skipan sveitarfélaga eins og hún var í árslok 2006.

2. gr.

Framlag vegna íbúafækkunar.

Varið skal 350 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2002–2006.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2001 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2006. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun íbúa hefur verið umfram 1,5% á tímabilinu. Þó skal aðeins greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er umfram níu á tímabilinu.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að í fækkun íbúa viðkomandi sveitarfélags er deilt heildarfækkun íbúa allra sveitarfélaga sem falla undir skilyrði 1. mgr.

Framlag samkvæmt þessari greina skal greitt eigi síðar en 15. október 2007.

3. gr.

Framlag vegna þróunar útsvarsstofns.

Varið skal 350 m.kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun útsvarsstofns milli árana 2001 og 2006 er lægri en heildarhækkun útsvarsstofns allra sveitarfélaga fyrir sama tímabil.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Ríkisskattstjóra um endanlegan álagningarstofn útsvars vegna tekna árin 2001–2006 og upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2001 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2006. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef sveitarfélag hefur ekki fylgt íbúaþróun Reykjavíkurborgar á sama tímabili.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að íbúafjöldi sveitarfélags er margfaldaður með mismun á heildarhækkun útsvarsstofns allra sveitarfélaga og hlutfallslegri hækkun útsvarsstofns hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Framlag samkvæmt þessari greina skal greitt í tvennu lagi. Greiddar skulu 175 m.kr. í október 2007 á grundvelli áætlaðs álagningarstofns vegna tekna ársins 2006. Greiða skal 175 m.kr. í desember 2007 þegar álagningarstofn með áorðnum breytingum í desember 2007 vegna tekna ársins 2006 liggur fyrir og endurskoðun á úthlutun framlagsins hefur farið fram.

4. gr.

Framlag vegna íbúabróunar.

Varið skal 350 m.kr. til sveitarfélaga sem ekki hafa fylgt þróun Reykjavíkurborgar hvað íbúafjölda varðar árin 2002–2006.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2001 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2006. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef sveitarfélag hefur ekki fylgt íbúabróun Reykjavíkurborgar á sama tímabili.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að í íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags er deilt heildaríbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem uppfylla skilyrði 1. mgr.

Framlag samkvæmt þessari greina skal greitt í desember 2007.

5. gr.

Framlag til sameinaðra sveitarfélaga vegna þróunar útsvarsstofns o.fl.

Varið skal 275 m.kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun útsvarsstofns er með sama hætti og í 3. gr. og íbúabróun hefur verið með sama hætti og í 4. gr. Helmingur framlagsins skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli 3. mgr. 3. gr. og helmingur framlagsins hlutfallslega samkvæmt stuðli 3. mgr. 4. gr.

Auk þess skal varið 75 m.kr. til sveitarfélaga þar sem tekið er tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins, sbr. c-lið 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein koma til greina sveitarfélög sem hafa sameinast frá og með árinu 1984.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í desember 2007 þegar álagningarstofn með áorðnum breytingum í desember 2007 vegna tekna ársins 2006 liggur fyrir.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjárlaga 2007, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi. Reglurnar eru settar með fyrirvara um afgreiðslu fjáraukalaga 2007, en gert er ráð fyrir í viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 að tímabundið aukaframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 2007 og 2008 hækki úr 700 m.kr. í 1.400 m.kr. hvort ár.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 2007.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.